Messur

Guðsþjónustur í Reykjavíkurprófastsdæmi sunnudaginn 29. janúar 1989

Árbæjarprestakall: Barnasamkoma í Foldaskóla, Grafarvogshverfi, laugardag kl. 11 árdegis. Sunnudagur: Barnasamkoma í Árbæjarkirkju kl. 10.30. Guðsþjónusta í Árbæjarkirkju kl. 14. Organleikari Jón Mýrdal. Tekið á móti gjöfum til Biblíufélagsins í tilefni Biblíudagsins. Æskulýðsfélagsfundur í kirkjunni kl. 20.30. Þriðjudagur: Fyrirbænastund í Árbæjarkirkju kl. 18. Miðvikudagur: Samvera eldra fólks í safnaðarheimili Árbæjarkirkju kl. 13.30. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

Áskirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

Breiðholtskirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Sigríður Jónsdóttir. Fundur með foreldrum fermingarbarna að lokinni guðsþjónustu. Þriðjudagur: Bænaguðsþjónusta kl. 18.15. Sr. Gísli Jónasson.

Bústaðakirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðrún Ebba Ólafsdóttir. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Guðni Þ. Guðmundsson. Félagsstarf eldri borgara miðvikudag kl. 13.30–17. Æskulýðsfélagsfundur miðvikudagskvöld. Sr. Ólafur Skúlason.

Digranesprestakall: Barnasamkoma í safnaðarheimilinu við Bjarnhólastíg kl. 11. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 14. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

Dómkirkjan: Laugardagur: Barnasamkoma í kirkjunni kl. 10.30. Öll börn velkomin. Egill og Ólafía. Sunnudagur: Messa kl. 11. Sr. Hjalti Guðmundsson. Messa kl. 14. Sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson. Dómkórinn syngur við báðar messurnar. Organleikari Marteinn H. Friðriksson.

Landakotsspítali: Messa kl. 13. Organleikari Birgir Ás Guðmundsson. Sr. Hjalti Guðmundsson.

Elliheimilið Grund: Messa kl. 10. Sr. Magnús Björnsson prédikar og sr. Árelíus Níelsson þjónar fyrir altari.

Fella- og Hólakirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Umsjón Ragnheiður Sverrisdóttir. Guðsþjónusta á vegum samstarfsnefndar kristinna trúfélaga kl. 14. Daniel Sam Glad prédikar. Tvísöngur. Hreinn og Rakel frá Hvítasunnusöfnuðinum. Prestur Hreinn Hjartarson. Organisti Guðný Margrét Magnúsdóttir. Kaffi eftir guðsþjónustu. Æskulýðsfundur kl. 20.30 mánudagskvöld. Þriðjudagur: Opið hús fyrir 12 ára börn kl. 17–18.30. Miðvikudagur: Guðsþjónusta með altarisgöngu kl. 20.00. Sóknarprestur.

Fríkirkjan í Reykjavík. Barnaguðsþjónusta kl. 11.00. Messa kl. 14.00. Orgelleikari Violetta Smid. Sr. Cecil Haraldsson. Orgeltónleikar kl. 17.00. Aðgangseyrir rennur til orgelsjóðs Hallgrímskirkju. Við orgelið: Hörður Áskelsson

Grensáskirkja: Barnasamkoma kl. 11. Foreldrar hvattir til að koma með börnunum. Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Gylfi Jónsson annast messuna. Organisti Árni Arinbjarnarson. Miðvikudagur: Hádegisverðarfundur aldraðra kl. 11. Fimmtudagur: Almenn samkoma kl. 20.30. Mikil söngur og lofgjörð. Fyrirbænir. UFMH. Föstudagur: Æskulýðsstarf kl. 17. Laugardagur: Biblíulestur og bænastund kl. 10. Sr. Halldór S. Gröndal talar um skírn í heilögum anda. Prestarnir.

Hallgrímskirkja: Laugardagur: Samvera fermingarbarna kl. 10. Sunnudagur: Barnasamkoma og messa kl. 11. Sr. Sigurður Pálsson. Þriðjudagur: Fyrirbænaguðsþjónusta kl. 10.30. Beðið fyrir sjúkum. Fimmtudagur: Fundur Kvenfélags Hallgrímskirkju kl. 20.30.

Landspítalinn: Messa kl. 10. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson.

Háteigskirkja: Morgunmessa kl. 10. Sr. Tómas Sveinsson. Barnaguðsþjónusta kl. 11. Pétur Björgvin og Kristín. Messa kl. 14. Sr. Arngrímur Jónsson. Kvöldbænir og fyrirbænir eru í kirkjunni á miðvikudögum kl. 18. Sóknarprestar.

Hjallaprestakall í Kópavogi: Barnaguðsþjónusta kl. 11 í messuheimili Hjallasóknar, Digranesskóla. Almenn guðsþjónusta kl. 14 á sama stað. Sveinn Valgeirsson guðfræðinemi prédikar. Fermingarbörn aðstoða. Sr. Kristján E. Þorvarðarson.

Kársnesprestakall: Fjölskylduguðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11. Fermingarbörn ársins úr Kársneskórnum syngja undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur. Foreldrar eru hvattir til að koma með börnum sínum til guðsþjónustunnar. Sr. Árni Pálsson.

Langholtskirkja: Kirkja Guðbrands biskups. Óskastund barnanna kl. 11. Söngur, sögur, myndir. Jón Stefánsson og Þórhallur Heimisson sjá um stundina. Guðsþjónusta kl. 14. Prestur sr. Sig. Haukur Guðjónsson. Organisti Jón Stefánsson. Sóknarnefndin.

Laugarneskirkja: Messa kl. 11. Biblíudagurinn. Ástráður Sigursteindórsson prédikar. Altarisganga. Barnastarfið er um leið og messan. Kaffi á könnunni eftir messu. Mánudagur: Æskulýðsstarfið er kl. 18. Fundur fyrir foreldra og forráðamenn fermingarbarna vorsins 1989 kl. 20.30 í safnaðarheimilinu. rætt verður um fermingarnar í vor o.fl. Kaffiveitingar. Þriðjudagur: Opið hús kl. 20–22 í safnaðarheimilinu á vegum Samtaka um sorg og sorgarviðbrögð. Helgistund í kirkjunni kl. 22. Fimmtudagur: Kyrrðarstund í hádeginu. Orgelleikur frá kl. 12. Altarisganga og fyrirbænir kl. 12.10. Um kl. 12.30 verður borinn fram léttur hádegisverður í safnaðarheimilinu. Sóknarprestur.

Neskirkja: Laugardagur. Samverustund aldraðra kl. 15. Þorramatur. Gestur: Árni Björnsson þjóðháttafræðingur. Sunnudagur: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Munið kirkjubílinn. Húsið opnað kl. 10. (Ath. Fyrirhuguðri ferð í Hallgrímskirkju verður frestað fram á næsta sunnudag.) Messa kl. 14. Orgel- og kórstjórn Reynir Jónasson. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. Mánudagur: Æskulýðsstarf fyrir 12 ára krakka kl. 18. Æskulýðsstarf fyrir 13 ára og eldri kl. 19.30. Þriðjudagur: Æskulýðsstarf fyrir 10 og 11 ára krakka kl. 17.30. Miðvikudagur: Fyrirbænamessa kl. 18.20. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. Þriðjudagur og fimmtudagur: Opið hús fyrir aldraða kl. 13–17.

Seljakirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Kjartan Sigurjónsson. Mánudagur: Æskulýðsfundur kl. 20. Föstudagur: Fyrirbænasamvera og altarisganga kl. 22. Sóknarprestur.

Seltjarnarneskirkja: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Guðsþjónusta kl. 14. Organisti Sighvatur Jónasson. Prestur Solveig Lára Guðmundsdóttir. Æskulýðsfundur mánudagskvöld kl. 20.30. Opið hús fyrir 10–12 ára þriðjudag kl. 18.00.

Stokkseyrarkirkja: Messa kl. 14. Sóknarprestur.

Eyrarbakkakirkja: Barnamessa kl. 10.30. Sóknarprestur.

Hafnarfjarðarkirkja: Sunnudagaskóli kl. 10.30. Munið sunnudagaskólabílinn. Sameiginleg messa og altarisganga Þjóðkirkju og Fríkirkju í Hafnarfjarðarkirkju kl. 14. Sr. Einar Eyjólfsson prédikar. Kórar beggja kirkna leiða söng undir stjórn organista sinna, Smára Ólafssonar og Helga Bragasonar. Kaffisamsæti eftir messu sem kvenfélagskonur kirknanna annast í Álfafelli við Strandgötu. Safnaðarstjórn kirknanna.

Keflavíkurkirkja: Biblíudagurinn. Sunnudagaskóli kl. 11. Munið skólabílinn. Messa kl. 14. Kór Keflavíkurkirkju syngur. Organisti Örn Falkner. Rotaryfélagar fjölmenna til kirkju og kynna starf Rotaryhreyfingarinnar í Kirkjulundi eftir messu. Sóknarprestur.

Fríkirkjan í Hafnarfirði Barnasamkoma kl. 11. Sameiginleg guðsþjónusta með Hafnarfjarðarsókn í Hafnarfjarðarkirkju kl. 14. Gunnþór Ingason þjónar fyrir altari. Einar Eyjólfsson prédikar. Kórar safnaðanna leiða söng undir stjórn Helga Bragasonar og Smára Ólafssonar. Kaffiveitingar á vegum kvenfélaganna í Íþróttahúsinu að lokinni messu. Biblíulestur miðvikudagskvöld kl. 20. Einar Eyjólfsson.

Víðistaðasókn Laugardagur: Kirkjuskólinn kl. 11. Sunnudagur: Messa í Víðistaðakirkju kl. 14. Sr. Guðmundur Örn Ragnarsson messar. Kór Víðistaðakirkju syngur. Organisti Kristín Jóhannesdóttir. Aðalfundur Hins íslenska biblíufélags verður haldinn að lokinni messu. Sóknarprestur.

Kjarvalsstaðir:

Teikningar 1972–1988


Teikningar 1972–1988 er yfirskrift sýningar á verkum eftir Kristján Guðmundsson sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum á morgun.

Kristján var á sínum tíma einn helsti fulltrúi SÚM-hópsins og einna fyrstur til að tileinka sér myndmál og aðferðir konseptlistarinnar í byrjun áttunda áratugarins. Konseptlist Kristjáns hefur ávallt verið með einkar fræðilegu sniði og stuðst við skýrar og afgerandi forsendur.

Allt frá upphafi virðist list Kristjáns Guðmundsonar fjalla um listina með stóru L-i, hvort sem það er með jákvæðum eða neikvæðum formerkjum. Í fyrri verkum listamannsins miðast allt við að gera listina ekki list í hefðbundnum skilningi heldur hefta hana og loka frá allri löngun, ímyndun og hillingum sem annars gæfu henni vængi. Verkin voru lokuð utan um eigin kenningar og klifun.

Á síðustu árum hefur Kristján hins vegar opnað fyrir þátttöku áhorfandans í verkum sínum, líkt og fleiri konseptlistamenn áttunda áratugarins, og boðið honum að njóta fagurfræðilegra unaðssemda myndverksins. Merkingarkjarnanum hefur verið sundrað og í stað hans er komið, svo notuð séu orð listamannsins sjálfs, „burðarafl hráefnisins – staðbundin orka þess".

Sýning Kristjáns að Kjarvalsstöðum er opin daglega frá kl. 11 til 18 og stendur til 12. febrúar.



Kristján Guðmundsson.



„Og mærin fór í dansinn . . .", nefnist breskt leikrit sem nemendur í Nemendaleikhúsinu frumsýndu í gær.

Nemendaleikhús Leiklistarskóla Íslands:

„Og mærin fór í dansinn . . ."

Nemendaleikhúsið frumsýndi í gærkvöldi sitt annað verkefni af þremur sem sýnd verða í vetur. Leikritið er „Og mærin fór í dansinn . . ." og er eftir Debbie Horsfield.

Debbie Horsfield er ungur breskur höfundur. Hún er fædd og uppalin í Manchester. Upp úr 1979 hóf hún að skrifa leikrit en þá var hún á síðasta ári í námi. Þetta fyrsta leikrit hennar, sem var skrifað fyrir Edinborgarhátíðina, var um stelpnahóp sem er áhangandi knattspyrnuliðinu Manchester United. Fékk hún hvatningu frá umboðsmanni leikskálda að halda áfram að skrifa leikrit.

Debbie hélt áfram að skrifa og vann til ýmissa verðlauna. Hún þróaði áfram hugmyndina um stelpnahópinn og aðalsöguhetjurnar, Alice, Beth, Nita og Phil og úr urðu þrjú leikrit. Eitt af þessum þremur er „Og mærin fór í dansinn . . .", sem hlaut Thames television verðlaunin 1983. Þessi þrjú leikrit voru síðan sýnd í breska þjóðleikhúsinu 1985.

Verkið er samansett úr stuttum myndum úr lífi söguhetjanna og fjallar um ungt fólk í nútímasamfélagi.

Leikstjóri sýningarinnar er Stefán Baldursson, leikmynd er í höndum Messíönu Tómasdóttur, umsjón með búningum hefur Ása Björk, þýðingu annast Árni Baldvinsson og þýðandi er Ólafur Gunnarsson.

Nemendur á fjórða ári leiklistarskóla Íslands eru Bára Lyngdal Magnúsdóttir, Christine Carr, Elva Ósk Ólafsdóttir, Helga Braga Jónsdóttir, Ólafur Guðmundsson, Sigurþór A. Heimisson, Steinn A. Magnússon og Steinumm Ólafsdóttir.

Leikritið er sýnt í Lindarbæ.

Norræna húsið:

Börn norðursins

Börn norðursins er sýning sem verður opnuð í Norræna húsinu á sunnudaginn kl. 14.00. Er þarna um að ræða sýningu á myndskreytingum úr norrænum barnabókum. Sýningin er hingað komin á vegum Norræna hússins og Barnabókaráðsins en þetta er sama sýning og haldin var í Osló dagana 26.–30. september 1988 í tilefni 221. alþjóðaþings IBBY. Þing þetta bar yfirskriftina Barnabókmenntir og nýju miðlarnir.

Skipuleggjendur og umsjónarmenn þingsins voru fulltrúar IBBY-deildanna á Norðurlöndum í sameiningu. Frá Íslandi voru send verk eftir Brian Pilkington, Önnu Cynthiu Leplar og Sigrúnu Eldjárn.

Í tengslum við þessa sýningu eru fyrirhugaðar ýmsar uppákomur bæði fyrir börn og fullorðna. Meðan sýningin stendur yfir lesa höfundar nokkrum sinnum úr verkum sínum og sagnaþulir segja sögur. Ennfremur gefst börnum tækifæri til að kynnast teiknimyndagerð, vinna við myndlist og leikræna tjáningu. Sýningunni lýkur sunnudaginn 12. febrúar.

Sýningar

Árbæjarsafn,
sími 84412
Opið laugardaga og sunnudaga kl. 10–18.

Ásgrímssafn,
Bergstaðastræti 74
Opið laugardaga og sunnudaga kl. 13.30–16.00.

Bókasafn Kópavogs
Í listastofu Bókasafns Kópavogs stendur yfir sýning Gríms M. Steindórssonar á tuttugu verkum sem unnin eru á síðustu tveimur árum og hafa ekki áður komið fyrir almenningssjónir. Þau eru úr stáli og steini, bæði vegg- og standmyndir. Verkin eru til sölu.

FÍM salurinn,
Garðastræti 6
Í janúar verður galleríið eingöngu starfrækt sem sölugallerí og skipt um upphengi viku- til hálfsmánaðarlega. Sýningartími gallerísins er kl. 12–18 virka daga og laugardaga kl. 14–18.

Gallerí Borg,
Austurstræti 10
Til sýnis og sölu fjöldi grafíkmynda, leir- og glermuna eftir íslenska listamenn auk olíumálverka. Einnig eru til sölu skúlptúrar eftir Sverri Ólafsson. Í Grafík-galleríi Borg er opið á venjulegum verslunartíma

Gallerí Gangskör
er opið þriðjudaga til föstudaga kl. 12–18. Verk gangskörunga eru til sölu og sýnis.

Listasafn Einars Jónssonar
er lokað í janúar. Höggmyndagarðurinn er opinn daglega kl. 11–17.

Gallerí Grjót,
Skólavörðustíg
Nú stendur yfir sýning á verkum þeirra 9 listamanna sem að galleríinu standa. Verkin eru öll til sölu. Galleríið er opið mánudaga til föstudaga kl. 12–18.

Gallerí Langbrók,
Bókhlöðustíg 2,
textílgallerí, er opið þriðjudaga til föstudaga kl. 12–18 og laugardaga kl. 11–14.

Gallerí List,
Skipholti 50b
Nýtt og mikið úrval listaverka. Nýjar grafík- og vatnslitamyndir. Galleríið er opið frá kl. 10 30–18.

Gallerí Svart á hvítu,
Laufásvegi 17
Í listaverkasölu gallerísins (efri hæð) eru til sölu verk ýmissa myndlistarmanna.

Kjarvalsstaðir
v/Miklatún
Á morgun verða opnaðar tvær sýningar á Kjarvalsstöðum. Halldór Ásgeirsson myndlistarmaður verður með einkasýningu í austursal og á gangi. Þá opnar einnig Kristján Guðmundsson sýningu sem ber yfirskriftina Teikningar 1972–1988. Sýningarnar eru opnar daglega kl. 11–18 og standa til 12. febrúar.

Í Odda,
nýja hugvísindahúsinu,
er opið daglega kl. 13.30–17. Þar eru til sýnis 90 verk í eigu safnsins, aðallega eftir yngri listamenn þjóðarinnar. Aðgangur að safninu er ókeypis.

Listasafn Íslands,
Fríkirkjuvegi 7
Í sal 1 eru kynntir þrír málarar: Jón Stefánsson, Jóhannes S. Kjarval og Gunnlaugur Scheving. Verk fyrstu landslagsmálaranna, Þórarins B. Þorlákssonar og Ásgríms Jónssonar, eru sýnd í sal 2 og spanna þau yfir tímabilið frá 1900–1930. Í sölum á efri hæð hússins hefur nú verið komið fyrir nýjum aðföngum, málverkum og höggmyndum eftir íslenska listamenn. Listasafnið er opið alla daga nema mánudaga kl. 11–17 og er aðgangur og auglýst leiðsögn ókeypis. Veitingastofa hússins er opin á sama tíma.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar,
Laugarnestanga 70
Í tilefni af opnun safnsins og 80 ára afmæli listamannsins er haldin yfirlitssýning á 50 verkum Sigurjóns, þar á meðal eru myndir sem aldrei hafa áður verið sýndar á Íslandi. Safnið og kaffistofan eru opin laugardaga og sunnudaga kl. 14–17. Tekið er á móti hópum eftir samkomulagi.